

Norðurþing
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

3. júní 2025
UOS2501560/H.M.V.

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávika í eftirliti

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 17. desember 2024, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti urðunarstaðar Norðurþings á Kópaskeri (ID 34) þann 11. september 2024. Þann 13. mars 2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Staða eldri frávika:

Opið er eitt eldra frávik sem skráð var í eftirliti 2023 og varðar gr. 5.1 í starfsleyfi, en út af stóðu skráningar vegna tölul. 3. og 4. Varðar þetta frávik það sama og kemur fram hér að neðan, niðurstaða eftirfylgni er sama og greint er frá hér að neðan.

Frávik úr eftirliti ársins 2024 eru eftirfarandi:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Samkvæmt skráningum í gagnagátt Umhverfisstofnunar voru urðuð 599 t árið 2023 sem eru 99 t umfram heimild starfsleyfis. Auk þess er tímabundin geymsla á timbri ekki tilgreind í starfsleyfi og því er óheimilt að geyma timbur eða annan úrgang inn á urðunarstað, annan en þann sem tilgreindur er undir móttökuheimildir í starfsleyfi.

Í úrbótaáætlun rekstraraðila kemur fram að magn úrgangs sem kemur til urðunar sé að aukast vegna aukinna umsvifa fyrirtækja á svæðinu. Mest er aukning á úrgangi sem fellur til frá heimilum og smærri fyrirtækjum og hefur Norðurþing brugðist við með því að hækka gjaldskrá fyrir urðun á Kópaskeri. Til viðbótar þá eru fyrirtæki einnig hvött til að flokka betur sinn úrgang og auka endurvinnsluhlutfall sitt. Rekstraraðilum í sveitarfélaginu hefur einnig verið bent á að leita annarra leiða með sinn úrgang. Kemur einnig fram í áætluninni að Norðurþing hefur m.a. áform um að jarðgera hreint timbur sem fellur til í sveitarfélaginu. Umhverfis- og orkustofnun fellst á þær úrbætur sem rekstraraðili leggur fram en verða úrbætur teknar út við næsta eftirlit.

2. Gr. 5.1. í starfsleyfi. Ekki var skilað inn skráningum vegna töluliða 1. - 5. Þar sem upplýsingum vegna tveggja urðunarstaða sveitarfélagsins Norðurlands er skilað inn í gagnagátt Umhverfisstofnunar er þörf á því að skila upplýsingum um allan úrgang sem tekið er á móti sérstaklega í árlegri skýrslugjöf til eftirlitsaðila vegna starfsleyfis urðunarstaðar.

Fram kemur í úrbótaáætlun frá rekstraraðila að fyrirkomulagi vegna skila á úrgangsskráningum verði héðan af breytt og að ekki verði eingöngu skilað inn upplýsingum í gagnagátt Umhverfis- og orkustofnunar, heldur verði samantekt vegna skráninga sett fram og skilað í ársyfirliti vegna beggja urðunarstaða sveitarfélagsins, fyrir 1. maí ár hvert. Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbætur sem rekstraraðili leggur fram en verða þær teknar út við næsta eftirlit.

3. Gr. 5.4. í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert. Upplýsingar vegna gr. 4.1 þurfa að koma fram í þeim skráningum. Skiladagur árið 2024 var ekki virtur (sjá nánari umfjöllun í skýrslu).

Fram kemur í úrbótaáætlun rekstraraðila að bætt verði úr næstu skilum á ársskýrslu og hún send til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí n.k. Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbætur sem rekstraraðili leggur fram og verða þær teknar út í næsta eftirliti.

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur